4.

Athugasemd og leiðrétting við frásagnir Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti um Gest sál. Gíslason á Hæli í Gnúpverjahreppi.
Sber Blanda, fróðleikur gamall og nýr. VI.bindi bls. 158 - 173.
"Frá Hælismönnum í Gnúpverjahreppi".
Athugasemd þessi hefur að líkindum verið ætlaður til birtingar í Blöndu, en af einhverjum ástæðum hefur það ekki orðið og er ekki kunnugt hverjar þær eru.

1. 3 blöð qto. Rvík, 19.september 1937.

2. 4 blöð qto.

3. 4 blöð

Hinn skemtilegi „Fróðleikur gamall og nýr“, sem Söguf́élagid gefur út, einnig í ár, er nú kominn fyrir almenningssjónir, þ. á. m. „Blanda“.

Þar eru m. a. frásagnir hr. Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti, um Gest gamla Eiríksson ad Hæli, en missagnir eru þar nokkrar, sem og telþörf á ad leidrétta. Eitthvad af þeim kunna ad vera prentvillur, eins og t. d. þad, ad „árid 1891 voru réttir byggdar í Reykjunum á Skeidum.“ – Þær voru byggdar árid 1881.

Á bls. 163 er sagt, ad Gestur hafi ávarpad séra Jón Eiríksson ad Stóra-Núpi þannig: „Fardu nú ad þvadra, greyid mitt“! Og ádru sinni þannig: „Hættu nú, kannske sé ofurlítid skárra í hinni opnunni!“

Tilsvör þessi munu ekki hafa farid fram milli þessara manna né heldur í þeirra sóknum, heldur í Stokkseyrarkirkju og á milli ónefnds manns nokkurs þar í sókn og séra Björns Jónssonar (d. 1866), bródur séra Halldórs Jónssonar í Hofi.

Hvad fyrra ávarpinu vidvíkur stód svo á, ad Stokkseyrarkirkja var þá torfkirkja, lítill gluggi var yfir prédikunarstóli og snjóad fyrir í gluggann þennan dag, en ekkert ljós í kirkjunni nema á altari; presturinn sá því ekki til og var ad muldra þetta fyrir munni sér vid og vid, en í hálfum hljódum: „Eg sé ekki ad lesa.“ Gall þá hinn ónefndi madur vid – en hann var þá víndrukkinn ad vanda – og sagdi: „Fástu ekkert um þad, lambid mitt; haltu bara áfram ad þvadra.“

Um hitt ávarpid er þad ad segja, ad þessi hinn sami ónefndi madur sat í kirkju og hlýddi messu hjá séra Birni, en er á leid útlistun prestsins, sem mun hafa verid nokkud langdreginn ordum, kallar madurinn til prestsins og segir: „Hættu nú, séra Björn, og vittu hvort þad er ekki svolítid skárra hinumegin!“

Skrítla þessi er í Almanaki Þjódvinafélagsins 1908, bls. 83. og þar mun hún vera rétt sögd.

Hugsast gæti, en harla ólíklegt er þad, ad ávörp þessi, svo svipud og fátíd sem þau voru, hafi farid fram á tveim stödum og millum manna sinn á hvorum stad.

Þá er á bls. 164 sögd hin alkunna fyndni um Gest, „med sleypid í hattinum“. Þar er sagt, ad hann hafi verid „á heimleid úr Reykjavík“ og farid ~~heim~~ / ad [illegible]

[margin: …á einnig / víndrukkinn]

„heim í bæ í Ölfusinu til að sækja lestamönnum sínum góðgerðir." Hitt sanna er, að Gestur var á heimleið frá Eyrarbakka; hann skildi við samferðamenn sína, – sem þó voru eigi allir „lestamenn" hans – í Harðavelli og reið heim að Gunnarsholti, en þar bjó Gróa systir hans. Samferðamenn Gests héldu áfram með lestina, eins og leiðin lá þá, uppeftir Ásavegi.

Gestur þáði góðgjörðir að Gróu systur sinni; en áður en hann kvöddust sagði hann við hana:

„Það er annars ekki vel gert af mér að vera að ríða heim á bæina og þiggja þar góðgerðir fyrir sjálfan mig, en láta félaga mína halda áfram með lestina og einkis góðs af njóta. Gefðu mér einhvern bita í lófann handa þeim, systir góð!"

Gróa sagðist engan handbæran mat hafa annan en skyr. Það væri honum velkomið, en sá hængur væri þó á, að sig vantaði ílátið.

Þá var það, að hattur Gests kom til sögunnar og á góðar þarfir: Hann lét Gróu koma skyrinu í hattinn og reið svo af stað. –

Eins og kunnugt er, liggur Ásavegurinn uppeftir Ásunum milli Gunnarsholts og Kampholtsmýrarinnar á þeirri leið er hann, einkum úr Orrustudali að Skotmannshóli, [illegible] Kráksstígur, ~~þar~~ Hól liggja að honum leiti mörg, að sunnanverðu, og göturnar eru þar svo mjóar og þröngar, að naumast er unt að mætast þar, án þess að rekast á hann eða þá, er koma úr gagnstæðri átt

Undir einu þessara leita var það, að þeir mættust, sýslumaðurinn og Gestur frá Hæli, en varð svo hverft við, að hann setti hattinn á höfuð sér, með því sem í honum var (skyrinu) og sagði, um leið og hann skaust fram hjá: „Hann fjandi geri ég ekki .....o.s.frv."!

...nilega lítt lekum)

Gera má ráð fyrir að Gestur hafi þótt bera sigur úr býtum með þessu kátlega framferði sínu við sýslumanninn sinn, en það var hann (sýslum.), sem besta skemtunina hafði af því, að sjá skyrið leka niður um háls og herðar Gesti og hló hann dátt að því þá og oft síðar, er hann sagði sjálfur frá því, án þess að hann léti á sér skilja að honum þætti það nokkuð miður.

Það er annars ýmislegt að athuga við þvílíkar frásagnir sem þessar: Þær vilja oftast vera villandi lýsing á þeim mönnum og málefnum, sem verið er að lýsa: kaldari hliðin er látin sitja í fyrirrúmi fyrir hinni betri og sannvænlegri, til þess að gera „söguna spennandi fyrir auðtrúa lesendur". Þetta er líka „hégómavandi", þegar ~~tíðast at~~ menn taka sér fyrir hendur að lýsa mönnum undir áhrifum víns, orðbragði þeirra þá, fíflalátum, því sé það satt, að öl sé innri maður, er hitt þó enn sannara, að öl er annar maður.

Og Gestur að Hali var sannarlega eins og flestir aðrir vínneytendur „annar maður" við vín: Skaplyndi hans gjörbreyttist og flest það er um hann er sagt í frásögunni þessari, er um hann í því ástandi. Lýsingin verður því sú, að hann hafi verið hinn mesti svarri og rosamenni. En hvernig var hann án víns? Því er að nokkru lýst, að hann hafi verið barngóður, hjálpsamur og vinsæll; hann var auk þessa hagleiks- og siðsemdarmaður hinn mesti, búhöldur góður og bjargvættur sinnar sveitar.

Mér finnst að hann hafi átt betri lýsingu og sannari skilið en eftirmæli þau er hann nú fær og sem mest ber á: Óviðjafnanlegur orðhákur undir áhrifum víns, en einkum þó við þá menn, er hann taldi með „heldri mönnum", þótt ekkert annað hefði gjört fyrir sér við hann ~~annað~~ en það, að vera „heldri menn"! En svona voru fleiri menn á þeirri tíð en Gestur einn, það var aldarandinn, og einstaka mann er ekki réttlátt að dæma eftir honum einum. Það er „grátt gaman", sem fáa getur glatt og engan gert að betri manni.

Það er ekki hr. Þ. Bj. einn – en hann er mér að góðu einu kunnur frá fornu fari – sem ritar um menn og málefni fyrri tíðar á þann veg er nú var að vikið; það er fjöldi annarra manna, honum á engan hátt fremri að viti né mannkostum, nema síður sé, angurgaparnir ábyrgðarlausu, sem leika sér að því að lýsa lýtum liðinna kynslóða sem allra ómannlegast og draga ~~það~~ til minningu betra manna niður í sorpið. Svo mikið er að þessu gert, nú á síðari árum, að þeir skirrast ekki við að bera óhróðurinn um land og þjóð á borð fyrir erlendar og siðmentaðar þjóðir, landi voru og þjóð til vanvirðu og vansa. Þeim væri nær og hagfelldara og þjóðinni hollara, að þeir vildu minnast orða Ara hins fróða, þó er þeir af vanmætti sínum eru að reyna að sýna lærdóm sinn og visku með ritsmíðum sínum á þennan veg: „at þó es skylt at hafa þat heldr, es sannara reynisk."

Reykjavík, 19. Sept. 1937

[illegible signature]

Það er að mínu viti á misskilningi byggt, að halda því fram, eða gefa í skyn, að L. E. Sveinbjörnsson hafi „látið nokkuð stórt í sig", „borist mikið á og látið smátt á almenning". Frásögnin um hann gefur það ótvírætt í skyn, að þannig hafi hann verið. En er það að láta „nokkuð stórt á sig", þótt því sé eigi með velþóknun tekið, t. d. af yfirvaldi, sem o. t. v. er að reka embættisstörf sín, að það sé frjálslega þúað og ávarpað með þessum og því líkum orðum: „Greyið mitt!" – Og sé heldur engan frekleik né yfirburði í því fólgna, að sýna öðrum mönnum því líkan reddaskap að ástæðulausu. Það er enginn vegsauki þeim er það gjörir og afar óheppilegt sýnist mér það, að halda því á lofti um látinn mann, að þetta hafi jafnvel öðru fremur einkennt framferði hans og líferni og verið eitt hið helzta, sem hæst var að telja honum til gildis í lífinu. Þá er betra að þegja um það.

Það er ekki hr. Þ. Bj. einn – en hann er mér að góðu einu kunnur frá fornu fari – sem ritar um menn og málefni fyrri tíðar á þann veg er nú var að vikið; það er fjöldi annarra manna, honum í engu fremri að viti né mannkostum, nema síður sé, angurgaparnir ábyrgðarlausu, sem leika sér að því að lýsa lífinu liðinna kynslóða sem allra óvirðulegast og draga það til niðurlægingar ... niður í sorpið. Svo mikið er að þessu gert, nú í síðari árum, að þeir skirrast ekki við að bera óhróðurinn um land og þjóð í blöð fyrir erlendar og [illegible] menntaðar þjóðir, landi voru og þjóð til vanvirðu og vansa. Þeim væri nær og þarfara og þjóðinni hollara, að þeir vildu minnast orða A[illegible] hins fróða, þá er þeir af vanmætti sínum eru að reyna að sýna lærdóm sinn og visku með ritsmíðum sínum í þennan veg: „At þá es skylt at hafa þat heldr, es sannara reynisk."

Reykjavík, 19. Sept. 1937

[signature]

# Blanda

„Fródleikur gamall og nýr", sem Sögufélagid gefur út, flytur ad þessu sinni frásagnir um Gest sál. Gíslason ad Hóli í Gnúpverjahreppi, eftir frædaþulinn Þorstein Bjarnason frá Háholti. Missagnir eru þar nokkrar, sem ég tel ad þörf sé á ad leidrétta. Sumt af því eru e.t.v. prentvillur, svo sem þad t.d. ad „árid 1891 voru nýjar réttir byggdar á Reykjum á Skeidum". Réttirnar á Reykjum voru byggdar 10 árum ádur, eda árid 1881. —

Á bls. 163 er sagt, ad Gestur hafi ávarpad séra Jón Eiríksson á Stóra-Núpi þannig: „Fardu nú ad þvadra, greyid mitt". og ödru sinni á þessa leid: „Hættu vid, kannske sé ofurlítid skárra í hinni opnunni"!

Hvorugt er þetta rétt og „ávörp" þessi fóru ekki fram milli þessara manna né
Hdl heldur H þar efra (í sóknum þeirra séra Jóns og Gests), heldur í Stokkseyrarkirkju og á milli ónefnds manns þar í sókn og séra Björns sál. Jónssonar (d. 1866), bródur séra Halldórs Jónssonar á Hofi. — Þad var því ekki Gestur sem ávarpadi prest sinn þannig.

Hvad fyrra ávarpid áhrærir stód svo á, ad þá var Stokkseyrarkirkja torfkirkja, lítill gluggi var yfir prédikunarstóli og á þessu sinni áfenni mikid í gluggann; presti var því ljósvant mjög og muldradi vid og vid fyrir munni sér: „Ég sé nú ekki ad tarna!" Gall þá hinn ónefndi madur vid — en hann var þá víndrukkinn ad vanda — og sagdi: „Fástu ekki um þad, séra Björn, haltu bara áfram ad þvadra, lambid mitt!"

Um hitt atridid er þad ad segja, ad þessi hinn sami ónefndi madur sat ödru sinni í kirkju (víndrukkinn) og hlýddi messu hjá séra Birni, og er á leid rædu flutning prests af prédikunarstóli, kallar madurinn til hans úr sæti sínu og segir: „Hættu vid, séra Björn, og vittu hvort þad er ekki svolítid skárra hinum megin!" Skrítla þessi er í Almanaki Þjódvinafélagsins 1908, bls. 83. og mun hún þar vera rétt sögd.

Þá er á bls. 164 sögd hin alkunna saga um Gest á Hóli med skeggid í hattinum. Þar er sagt, ad Gestur hafi verid á „heimleid úr Reykjavík" og farid „heim á bæ í Ölfusinu til ad sníkja lestamönnum sínum gódgerdir". Hid sanna er, ad Gestur var á heimleid frá Eyrarbakka

skildi við samferðamenn sína – en þeir voru ekki „lestamenn" hans allir –
á Harðavelli og reið heim að Þrándarholti, en þar bjó Gróa systir hans. Samferða-
HH menn Gests héldu áfram með lestina, eins og leið liggur upp Ásaveg – yfir
Ormsstaðadal, að Skotmannshóli til áningar í Kampholtsmýri –.

Gestur þáði góðan beina að Gróu systur sinni, og sagði við hana áður en hann kvaddi:
„Það er annars ekki fallega gert af mér, að ríða heim í eðina og þiggja þar góðgerðir
handa sjálfum mér, en láta félaga mína halda áfram með lestina og einskis góðs
af njóta. – Gefðu mér nú bita í lófann handa þeim, systir góð!"

Gróa kvaðst engan mat hafa handbæran, annan en skyr og væri honum það vel-
komið, „en sá hængur er þó á því", sagði hún, „að mig vantar ílát undir skyrið".
Þá var það, að hattur Gests kom til sögunnar og í góðar þarfir: Þau komu skyrinu
í hattinn Gests og reiddi hann síðan skyrhattinn fyrir framan sig áleiðis upp
eftir Ásaveginum, unz óvænt atriði kom til sögunnar.

Hlá Ásavegurinn ~~liggur~~, eins og kunnugt er og áður er sagt yfir Ásana milli Harða-
vallar og Kampholtsmýrar, en á þeirri leið og einkum milli Ormsstaðadals og
Skotmannshóls er hann víðasthvar snarhlykkjóttur krákustígur, með háum
rimabörðum, er liggja út að veginum að sunnanverðu og er gatan þar svo mjó, að
naumast er unt að mætast þar, án þess að rekast á þann eða þá er á móti koma
úr gagnstæðri átt: Þeir verða ekki hvor annars varir fyr en þeir mætast. Þarna var
það, sem þeir L. E. Sveinbjörnsson (þá sýslum.) og fylgdarlið hans mætti Gesti frá Hæli
með skyrhattinn í fanginu og hann varð svo uppnæmur við, að hann setti hattinn
á höfuð sér án þess að athuga hvað í hattinum var (lítt leifð skyrið), og sagði:
„Hann fj. geri og ekki .. o.s.frv."

Sennilega hefir Gestur þótt bera sigur úr býtum við sýslumann sinn með þessu
kátlegu framferði sínu, en það var sýslumaðurinn og fylgdarlið hans, sem hafði
ánægjuna meiri en Gestur, er þeir sáu skyrið leka niður um háls hans og herðar
og hlóu dátt að. Sagði sýslumaður oft frá þessu síðar, án þess að hann léti

á sér skilja, að honum félli það neitt miður.

Það er áreiðanlega á miklum misskilningi byggt og þekkingarleysi að halda því fram að Lárus E. Sveinbjörnsson hafi verið hrokafullt yfirvald. Hann var þvert á móti lipurmenni hið mesta og ljúfur í umgengni við alla. Hitt er annað mál, að hann mun naumast hafa viljað láta neinum manni haldast það uppi að ávarpa hann með orðunum „þegiðu nú“ eða öðrum niðrandi tilsvörum. Og sé ég heldur engan frækleik eða yfirburði í því fólgna, að sýna öðrum mönnum þvílíkan ruddaskap að á ástæðulausu. Hann er blátt áfram óþolandi og á engum að líðast.

Um frásögn þessa af Hálsmönnum og einkum Gesti er það annars að segja, að hún á e. t. v. að vera, eins og ýmsar aðrar „sögur“ af því tæi, „spennandi“ fyrir auðtrúa lesendur, en það er hún ekki í raun og veru, þegar þess er gætt, að hún er hvorki sannsöguleg rétt né óhlutdræg með öllu. Gesti er lýst sem mesta svakamenni, rudda- og rosamenni í orðræðunni, og það svo, að þessir ókostir hans, sem mjög munu orðum auknir, skyggja svo mjög á mannkosti hans, sem miklir voru, að lítið verður úr þeim og langt frá því að manninum sé rétt lýst.

Togsíð-
undarmaður

Að vísu var Gestur hæglætismaður hinn mesti, hjálpsamur nágranni, góður búhöldur og vinsæll. Vínnautn hans á ferðalögum og endrarnær, sem þó eigi var meiri en almennt gerðist á þeim tímum, gjörbreytti skaplyndi hans og í því ástandi er honum nú lýst. Þetta eykur lítt á sæmdir beggja, höfundarins og hins látna manns og er ég mjög í efa um, að hinn fyrrnefndi hafi svo til ætlazt, heldur hins, að lesendur Blöndu finni sem mest matarbragð að frásögn hans og hefði því margt af því mátt vera ósagt látið.

Hér er heldur eigi um sama lýsingu á siðvenjum manna yfirleitt að ræða, né aldarhættinum yfirhöfuð að tala, þótt dregnir séu fram einhverjir ókostir einstakra manna og þá einkum þeir, er skírast koma í ljós þá er þeir voru vínbuaknir og viti fjörtir eða gættu ekki þess velsæmis sem þeim

var annars ærlegasti og ávalt kom fram einarðlega við alla menn.

Aldarháttur nútímans er í þessum efnum því miður sá, að ýmsir þeir er eitthvað þykjast vita öðrum fremur og jafnvel muna eitthvað frá fyrri tímum, setjast niður og skrifa „spennandi sögu“ um menn og málefni, slíka því mest sem miður fór framan í fjölda manna, sem ekki er þekking til né hafa nein skilyrði til þess, en eru o.f. sólgnir í að heyra að eins það sem ljótt er. Sannast þar máltækið: „Fýsir eyrun ilt að heyra“. Höfundar og lesendur gæta þess þó eigi sem skyldi, að frásagnirnar eru um menn og málefni löngu liðinnar tíðar, um þá sem fáa eða enga eiga sér til eftirmáls, er geti borið hönd fyrir höfuð þeirra í gröfinni. Skáldsagnarugl og skrumsögur nútímans eru órækustu sannanirnar fyrir þessu. ~~Þar er sjaldan~~ / Þar skipa raunveruleikinn og réttlætið sjaldnast samleiksins öð[illegible]a rétt.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er hvorki vinsælt né þakklátt verk að
17 þeirs. koma við kaunin ~~þessara~~ manna, sem mestu löngunina hafa til þess að láta ljós þekkingar sinnar og lærdóms lýsa svo í augu annara manna að ofbirtu verði af öllu umhverfi — og telji orðið til þessa áður og að vonum lítilla þakka fyrir það þegið — en ég fer ekki að því, heldur hinu, „at þá es skylt at hafa þat, es sannara reynisk“

Hinn skemtilegi „Fróðleikur gamall og nýr", sem Sögufélagið gefur út, er að þessu sinni kominn fyrir almenningssjónir, þar á meðal „Blanda".

Þar er, m. a. frásögn um Gest gamla Gíslason í Hæli, eftir fræðaþulinum góða, Þorsteini Bjarnason frá Háholti, en missagnir eru þar nokkrar, sem ég tel að þörf sé á að leiðrétta. Sumt af því eru e. t. v. prentvillur, eins og t. d. það, að „árið 1891 voru nýjar réttir byggðar í Hreppunum á Skeiðum". Þetta á vitanlega að vera 1881.

Þótt nafnið á bænum (Hæli) sé svo í þágu- og þolfalli, hygg ég að það sé svo einnig í nefnifalli og að bærinn hafi heitið og heiti enn, Hæli, en ekki Hæll; og að frásögnin sé um Hælismenn, en ekki Hæls.

Á bls. 163. er sagt, að Gestur hafi ávarpað séra Jón Eiríksson á Stóra-Núpi þannig: „Farðu nú að þvaðra, greyið mitt", og öðru sinni þannig: „Hættu nú, kannske sé ofurlítið skvátu í hinni spænunni!"

Hvorugt þetta er rétt og fóru ekki orðin fram milli þessara manna né heldur í þeirri sókn, heldur í Stokkseyrarkirkju og á milli ónefnds manns nokkurs og séra Björns Jónssonar, bróður séra Halldórs Jónssonar á Hofi.

Hvað fyrra ávarpinu viðvíkur, stóð svo á, að þá var Stokkseyrarkirkja torfkirkja, lítill gluggi yfir prédikunarstóli og áfenni mikið á glugganum; prestur var við og við að muldra fyrir munni sér: „Ég sé ekki að lesa!" Galt þá hinn ónefndi maður við (en hann var þá víndrukkinn að vanda) og sagði: „Fástu ekki um það, lambið mitt, haltu bara áfram að þvaðra!"

Um hina skrítluna er það að segja, að þessi hinn sami ónefndi maður sat eitt sinn í kirkju (víndrukkinn) og hlýddi messu hjá séra Birni, en er á leið ræðuflutning prests af prédikunarstóli, kallar maðurinn til hans og

segir: „Hættu nú, séra Björn, og vittu hvort það er ekki svolítið stærra hinum megin!" Þessi skrítla er í Þjóðvinafélagsalmanakinu 1908, bls. 83. og mun hún þar vera rétt sögð.

Þá er á bls. 164 sögð hin alkunna saga af Gesti í Hæli með steypið í hattinum. Þar er sagt, að Gestur hafi verið „á heimleið úr Reykjavík" og farið „heim: út í Ölfusinu til að sækja lestarmönnunum sínum góðgjörðir". Hið sanna er: að Gestur var á heimleið frá Eyrarbakka, skildi við samferðamenn sína á Hardavelli [?] og reið heim að Þrándarholti, en þar bjó Gróa systir hans. Samferðamenn Gests héldu áfram með lestina eins og leið liggur upp Ásaveg.

Gestur þáði síðan góðgjörðir að Gróu systur sinni, en sagði við hana áður en þau kvöddust: „Það er annars ekki fallega gert af mér, að ríða heim á bæina og þiggja góðgjörðir handa sjálfum mér, en láta félaga mína halda áfram með lestina og einskis góðs njóta af. Gefðu mér bita í lófann, systir góð!"

Gróa sagðist engan mat hafa handbæran, annan en skyr; það væri velkomið, en sá hængur væri á, að sig vantaði ílátið. Þá var það að hattur Gests kom til sögunnar og í góðar þarfir.

En svo er ekki sagan öll sögð með þessu:

Eins og kunnugt er, liggur Ásavegurinn yfir Ásana milli Þrándarholts og Kampholtsmýrar, en á þeirri leið er vegurinn, einkum úr Orrustudali að Skotmannshóli; víðasthvar snarhlykkjóttur kindastígur [?], með háum rimabörðum, er liggja út að veginum sunnanverðum, sem er svo mjó gata, að naumast er unt að mætast þar, án þess að rekast á þann sem á er koma úr gagnstæðri átt. Þar var það, sem þeir E. E. Sveinbjörnsson [?] og fylgdarlið hans mætti Gesti frá Hæli, er varð svo hverft við, að hann setti upp hattinn með því sem í honum

vl þ. e. skyrpinu, sennilega létt lektum) og sagði: „Hann fj. geri ég ekki.. o. s. frv.. Verð má rað fyrir að Gestur hafi þótt vinna sigur með þessari kátlega framferði sínu við sýslumann sinn, en það var hann, sem bezta skemtunina hafði af því, að sjá skegrið lekta niður um háls og herðar Gesti og hló dátt að því þá og oft síðar, er hann sagði sjálfur frá því, án þess að hann léti á sér skilja að honum félli það neitt miður.. —

Um frásögn þessa af Hálsmönnum og einkum Gesti er það ~~annars~~ að segja, að hún sjálfsagt er, eins og ýmsar aðrar sögur af því tæi, „spennandi" fyrir andlausa lesendur, en það er hún ekki í sama góð verk, þegar þess er gætt, að hún er hvorki sannsöguleg né óhlutdræg: Gesti er lýst sem mesta svarka, rudda og rosamenni, og þótt einhver brögð hafi verið að því, þá er hann var ódrukkinn, var hann hæglætis- og siðsemdarmaður hinn mesti, góður búhöldur hjálpsamur og vinsæll. Vínnautn hans í ferðalögum og ónotandi gjör breytt skaplyndi hans og í því ástandi er honum lýst. En er það sanngjarnt?

Eg þykist vita, að höfundurinn, Þorsteinn Bjarnason, sem ég er gáðkunnugur frá fornu fari, hafi ekki til þess ætlast, að þessi skilningur yrði lagður í frásögn hans; en er hægt hjá því að komast? Tæplega; því ókostunum, ruddalegu tilsvör ódrukkins manns, skyggja alltof mjög á hina miklu mannkosti hans ~~mannsins~~ og hjá því hefði mátt komast að lýsa þeim öllum svo greinilega, sem Þorsteinn gerir; það eykur lítt á sæmdir beggja og hefði betur verið ósagt látið. Þetta er heldur ekki sönn lýsing á siðvenjum manna yfirleitt né aldarhættinum og engin ástæða til að flíka því, sem miður fór, framan í fjölda manna, sem ekkert þekkja til, en eru o. s. v. sólgnir í að heyra að eins „spennandi" frásagnir um menn og málefni liðinnar tíðar, löngu liðna menn, sem fáir eða engir eiga sér til eftirmáls, er geti borið hönd fyrir höfuð þeirra.

Þetta er þó eigi sagt til Þ. B. eins eða sérstaklega, heldur til fjölda annara manna og honum í engu fremri, nema síður sé, angurgapanna, sem nú gala hæst um lýti liðinna kynslóða, utanlands sem innan. Þótt sumt af því kunni að eiga við einhverin sannleik að styðjast, má hann oft að meinalausu „í salti liggja" og það er ekki ávalt nauðsynlegt að hann sé allur sagður, síst svo, að hann felli fölva á hinn aðri sannleik: Rannveruleikann og réttlætið.

Mér er það fyllilega ljóst, að það er ekki vinsælt eða þakklátt verk, að koma við kaunin þeirra manna, sem mesta löngunina hafa til þess að láta ljós þekkingar sinnar og

lærdóms skína sem skærast í augu annara manna – ég hafi gjört það stundum áður og að vonum litlar þakkir fyrir það fengið – en ég fer ekki að því, heldur hinu „at þá er skylt at hafa þat heldr, er sannara reynisk."

Að lokum þetta: Ég held að það sé á miklum misskilningi byggt, að halda því fram, að L. E. Sveinbjörnsson hafi verið hrokafullt yfirvald. Hitt er annað mál, að hann mun naumast hafa viljað láta neinn mann ávarpa sig með orðunum „greyið mitt" o. fl. niðrandi tilsvörum. Ég sé heldur engan þrekleika að yfirburði í því fólgna, að sýna öðrum mönnum þvílíkan ruddaskap að ástæðulausu. Hann er blátt áfram óþolandi og á engum að líðast. Og ég sé heldur ekki, að það sé neinum vegsauki neinn, þótt honum sé sá „greiði" gerður, að halda því á lofti að honum liðnum, að þetta og því líkt hafi verið eitt hið helsta, sem hægt var að telja honum til gildis í lífinu! Það er áreiðanlega „Bjarnar-greiði."

Reykjavík, 18. sept. 1937

[illegible]